

Ed.

645. Nefndarálit

[177. mál]

um frv. til laga um námslán og námsstyrki.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Sameiginlegir fundir menntamálanefnda beggja þingdeilda hafa verið haldnir um frumvarpið. Til fundar við nefndirnar komu fulltrúar frá menntamálaráðuneytinu og námsmönnum og veittu ýnisar upplýsingar og greindu frá viðhorfum sínum. Menntamálanefnd deildarinnar hefur rætt frv. á mörgum fundum og fengið umsögn fulltrúa í Þjóðhagsstofnuninni um málið. Mætti hann einnig á fundi nefndarinnar og gaf frekari skýringar. Fulltrúar námsmanna mættu einnig á fundi nefndarinnar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hlutinn, undirritaðir nefndarmenn, leggur til að frv. verði samþykkt með þeim breytingartillögum, sem fluttar eru á sérstöku þingskjali.

Minni hlutinn skilar séráliti.

Fjarverandi við afgreiðslu málsins var Bragi Sigurjónsson.

Alþingi, 6. maí 1976.

Axel Jónsson,
form., frsm.

Steinþór Gestsson,
fundaskr.

Steingrímur Hermannsson,
með fyrirvara.

Þorv. Garðar Kristjánsson.

Ingi Tryggvason.